

Stjórnarfundur UMSB 12. nóv 2013 kl.20:00

skrifstofa UMSB, Borgarbraut 61, Borgarnes

Mættir. Kristín Gunnarsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Aðalsteinn Símonarson, Pálmi Blængsson og Þórhildur María Kristinsdóttir

- **Sigurður les fundagerð síðasta fundar og hún samþykkt.**

- **Heimasíða**

Vinnsla heimasíðu komin langt á leið. Pálmi sýnir okkur hvernig hún mun líta út og hvernig hún verður uppsett og virkar. Heimasíðan mun kosta c.a. 150þús og svo 3900 á mánuði og hækkar eftir því sem gagnamagn er meira, s.s eins og fyrir myndir og sögu félagsins. Þessi heimasíða er líka ætluð aðildarfélögum. Verður vonandi tilbúinn í desember og er keyrð í vefumsjónarkerfinu Smartwebber hjá Smartmedia internetfyrirtækinu.

- **Búningar**

Farið yfir nokkrar útgáfur af búningum, galli frá JAKO valinn og hann lagður fram sem tillaga af framtíðar galla UMSB til aðildarfélaga.

- **Merkingar á fjöllum.**

Pálmi segir okkur frá verkefni sem byrjað var á um merkingar á fjöllum. UMFÍ leggur til skilti til að merkja gönguleiðir á tvö fjöll. Tillaga um að hafa Hraunsnefsöxl og Varmalækjarmúla. Pálmi ætlar að hafa samband við göngunefnd um áframhald.

- **Innleiðing félaga í UMSB**

Pálmi fer aðeins yfir með okkur hvernig lög eru hvað varðar inntöku nýrra félaga, og að UMFÍ og ÍSÍ taka langan tíma í að staðfesta lög nýrra félaga. Dæmi eru um að það taki meira en ár að fá lög nýrra félaga staðfest og það finnst okkur vera of langur tími. Nýlega bárust athugasemdir frá UMFÍ varðandi lög þeirra félaga sem eru óstaðfest og eru þau að vinna í leiðréttingum

- **Fyrirmyndarfélag/Íþróttahérað**

Pálmi segir okkur frá fundi um gang mála fyrir fyrirmyndafélag ÍSÍ og hverngi málin ganga. Sýnir okkur uppkast af gátlista fyrir íþróttahéruð vegna gæðavottunar frá ÍSÍ.

- **Umhirða Skallagrímsvallar.**

Bréf sem sent var frá forsvarsmönnum Skallagríms um umhirðu Skallagrímsvallar rætt.

Aðeins ræddar hugmyndir um hvernig mæti haga umsjón með umhirðu.

Ræða þarf við Borgarbyggð um samning vegna umhirðu vallanna og að UMSB byrji með hreint borð.

Samþykkt að ljúka vinnu við viðaukasamning 2 við Borgarbyggð fyrr en síðar.

- **Stofnun ritnefndar.**

Pálmi fer aðeins yfir sögu UMSB og hverng megi halda henni við. Spurning um að kalla saman 100 ára afmælisnefndina til að halda utan um söguna. Reyna að fá Guðlaug Óskarsson til að taka saman myndir og koma á stafrænt form til að setja á vef félagsins. Athuga hvort hægt væri að fá Heiðar Lind Hansson til að skoða sögu félagsins. Ritnefnd sjái um síðustu 10 ár félagsins. Heiðar um áhrif UMSB á mannlíf og menningu héraðsins.

- **Samfélagsverkefni.**

Ræddum aðeins hvort við værum að gleyma samfélagsverkefnum, fram yfir íþróttir. Pálmi fræddi okkur um það sem hollvinasamtök í Borgarnesi eru að fara af stað með. Er það eitthvað sem við ættum að taka virkari þátt í. Er það í verkahring okkar að sjá um umhverfis verkefni. Upp kom hugmynd að því að koma af stað umhverfisviku að vori í samráði við sveitarfélagið. Fram kom að sum félaganna sinna þessu af alúð.

- **Fjármál-Fyrirkomulag fjármála**

Farið yfir 8 mánaða uppgjör sambandsins og farið yfir hver staðan er. Ákveðið að hagræða í vinnu við greiðslu á reikningum og samskipti við KPMG vegna bókhalds. Pálmi samþykkir reikninga í tölvupósti til gjaldkera sem greiðir og sendir kvittun á skrifstofu í tölvupósti. Pálmi fer svo reglulega með kvittanir og fylgiskjöl til KPMG.

- **Ungmennaráð UMSB**

17. júlí 2012 var sent erindisbréf á Borgarbyggð vegna ungmennaráðs. Pálmi les upp bréfið, 2012 hefur Logi Sigursson verið valinn formaður. Ítreka þetta við sveitafélagið og óskum eftir viðbrögðum við bréfi og hvernig þetta hafi verið. Pálmi ræðir málið við Ásthildi Magnúsdóttur hjá Borgarbyggð um málið.

- **Forgangsröðun uppbyggingar**

Farið yfir það sem sent var um uppbyggingar og hvernig er best að tækla það. Hverju á að byrja á. Setja saman lista um hvað þarf að gera og sjá svona ca hvað það gæti kostað. Notast við tillögurnar frá félögum. Reyna að koma þessu á fjárlög. Senda á félöginn samsuðu af áætlun. Pálmi setur saman startpakka og sendir á stjórn til skoðunar.

- **Önnur mál**

- Hvernig eigum við að greiða lottó tekjur fyrir fyrsta árið til nýrra aðildarféлага? Hvað ef ekki er skilað starfskýrslu. Passa upp á félagafjölda svo við höldum hámarki í lottótekjum.
- Laganefnd. Alli segir okkur frá fundi nefndar um endurbætur á lögum sambandsins. Í lok nóv ættu að liggja fyrir drög að breyttum og bættum lögum sambandsins. Skoða þarf vel dagsetningar og láta þær standa ef þær eiga að vera inni og hverjar eiga þær að vera. Hafa skýrslu skil eigi síðar en 15. feb fyrir félögin annars dettur út lottó greiðsla til þeirra. Skýrsla verður að berast til umsb. Setja þetta upp í ákveðin form fyrir öll félögin, svo allir skili inn á eins formi og lykilupplýsingar verði sýnilegri. Siggi leggur til að uppgjör verði 15. janúar og greiðsla 1. febrúar á lottó.
- Rætt hvort eigi að fækka greiðslum lottó niður í 2 á ári. Höfum bara 31 júní fyrir fyrstu 6 mánuðina og 20. janúar er loka uppgjör fyrir seinni 6 mánuði ársins.(Siggi)
- Laganefnd stefnir á að senda til stjórnar tillögur að lögum.
- Kynning á þátttöku barna í íþróttum í borgarbyggð skoða könnun sem gerð var í fyrra.
- Skákfélagið sækir um styrk. Norðurál ætlar að styrkja félagið.(Bjarni Sæmundsson)

- **Næstu stjórnarfundir**

3. desember kl. 20

Fundargerð ritaði
Þórhildur María Kristinsdóttir